



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Alþingi
Erindi nr. P 132/1408
komudagur 22.3.2006

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hlínar Lilju Sigfúsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. mars 2006.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um skattaumhverfi líknafélaga (547. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur það í sér að skattaumhverfi líknafélaga verði breytt.


Viðskiptaráð fagnar öllum hugmyndum um minnkandi skattbyrði. Hér er hinsvegar ekki um tillögu um skattalækkun að ræða heldur er hér mælt fyrir um enn eina skattaundanþágu. Á viðskiptaþingi 2005 kynnti Viðskiptaráð tillögur sínar um flata skatta. Þegar talað er um flata skatta er átt við eitt skattþrep án undantekninga. Slíkt einfalt kerfi er til þess fallið að fækka undanskotum auk þess sem það skapar jafnræði milli ólíkra tegunda tekna og ólíkra atvinnuvega. Með einföldu kerfi er einnig tryggt að markmiði skattheimtu sé náð, þ.e. að afla ríkissjóði tekna.

Eins og nefnt er í greinargerð með tillögunni þjóna líknafélög mikilvægu hlutverki í samfélaginu og mun hlutverk þeirra líkiega fara vaxandi á næstunni. Rétt er að taka undir ummæli í greinargerð þess efnis að líknafélög séu í mörgum tilfellum betur í stakk búin til að leysa vandamál heldur en hið opinbera. Það að starfsemi þjóni mikilvægu hlutverki eru hinsvegar ekki rök fyrir því að starfsemi eigi að vera skattfrjáls. Ýmis lífsnauðsynleg starfsemi eins og sala á matvælum er mjög mikilvæg en samt sem áður ber að greiða skatta af þeirri starfsemi.

Almennar skattalækkanir myndu nýtast líknafélögum best. Slíkar lækkanir minnka ekki aðeins skattbyrði líknafélaganna sjálfra heldur einstaklinga og fyrirtækja sem hafa þannig meira svigrúm til að láta fé af hendi rakna til góðar málefna.

Viðskiptaráð leggur því til að tillagan nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllt,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,


Davíð Þorláksson